

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2006 frá 22. september 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/82/EB frá 14. desember 2005 um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/544/EBE um tíðnisvið sem tiltekin eru fyrir samræmda opnun á almennu samevrópsku boðkerfi innan Bandalagsins ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/928/EB frá 20. desember 2005 um samræmingu á tíðnisviðinu 169,4–169,8125 MHz í Bandalaginu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun 2005/82/EB um niðurfellingu tilskipunar 94/544/EBE en sú gerð er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað ákvæða í 4. lið (tilskipun ráðsins 90/544/EBE) komi eftirfarandi:
„**32005 L 0082:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/82/EB frá 14. desember 2005 um niðurfellingu tilskipunar 90/544/EBE um tíðnisvið sem tiltekin eru fyrir samræmda opnun á almennu samevrópsku boðkerfi innan Bandalagsins (Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 38).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5cs (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/513/EB):
„5ct. **32005 D 0928:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/928/EB frá 20. desember 2005 um samræmingu á tíðnisviðinu 169,4–169,8125 MHz í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 47).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 47, og EES-viðbætur nr. 60, 30.11.2006, bls. 35.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 38.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 47.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 310, 9.11.1990, bls. 28.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/82/EB og ákvörðunar 2005/928/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.